



Reykjavík, 19. mars 2024

MSS24030091

Borgarráð

Hátíðir og viðburðir í Reykjavík 2024

Hjálögð kynning um hátíðir og viðburði í Reykjavík 2024 er lögð fram til kynningar.

Greinargerð

Mikill metnaður er lagður í viðburðahald á vegum Reykjavíkurborgar á hverju ári en til hátíða sem borgin stendur fyrir eru Vetrarhátíð, Barnamenningarhátíð og Menningarnótt auk hátíðahalda á Þjóðhátíðardaginn 17. júní, tendrun friðarsúlu Yoko Ono í Viðey og fjölbreytt sumar- og jóladagskrá í miðborginni. Viðburðahald er samstarfsverkefni margra sviða og stofnana innan borgarinnar, sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og utan þess, rekstraraðila í borginni og að sjálfssögðu íbúa borgarinnar og gesta. Þá er töluverð nýsköpun í gangi ár hvert þar sem sótt er fram á þessu sviði og hátíðir þróaðar áfram á skemmtilegan hátt svo borgarbúar og gestir hafi ávallt eitthvað til að hlakka til.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Kynning – Hátíðir og viðburðir í Reykjavík. Árið framundan 2024.



Reykjavík



Hátíðir og viðburðir í Reykjavík

Árið framundan 2024



Reykjavík





Viðburðateymi Reykjavíkurborgar

-
- **Vetrarhátíð**
 - **Barnamenningarhátíð**
 - **Þjóðhátíðardagurinn 17.júní**
 - **Menningarnótt**
 - **Tendrun Friðarsúlu Yoko Ono**
 - **Jólaborgin**
 - **Sumarborgin**



Reykjavík



Ráðgefandi hlutverk

Þá er viðburðateymið í tengslum og ráðgefandi samstarfi við aðra viðburðahaldara í borginni sem og aðrar stofnanir og svið innan Reykjavíkurborgar sem koma að viðburðum í borgarlandinu á einn eða annan hátt. Einnig sér teymið um samhæfingu samstarfs við kvikmyndagerðarfólk.



Reykjavík

Vetrarhátíð 2024





Vetrarhátíð 2024

1.-3. febrúar

Tilgangur Vetrarhátíðar er að lífga upp á borgarlífið á dimmstu vetrarmánuðum með því að tengja saman ólíka menningarlega þætti sem allir tengjast þema hátíðarinnar, - ljósi og myrkri.

Skemmtilegt samstarf við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.



01. Ljósaslóð

Ljósaslóð Vetrarhátíðar er vörðuð ljóslistaverkum frá Hallgrímskirkju niður að Ráðhúsi Reykjavíkur. Undanfarin ár hefur sá hluti Vetrarhátíðar sem snýr að ljóslistaverkum orðið sífellt veigameiri og má segja að Ljósaslóð Vetrarhátíðar bindi hátíðina saman.



02. Safnanótt

Söfn og sýningar á öllu höfuðborgarsvæðinu opna dyr sínar og bjóða upp á lífliga og fjölbreytta dagskrá. Hægt var að sækja tónleika, taka þátt í ýmsum smiðjum, kíkja í geymslur, fara í ratleiki, sækja fræðsluerindi og fyrirlestra ýmiss konar í bland við hefðbundnar opnanir og leiðsagnir.



03. Sundlauganótt

Sundlaugar á öllu höfuðborgarsvæðinu bjóða frítt í sund eitt kvöld á hátíðinni. Uppákomur í laugunum eru af margvíslegum toga og gestir fá að upplifa einstaka og óvenjulega kvöldstund í mögnuðu myrkri, þar sem gestir eru hvattir til að taka þátt með því að slaka á og njóta stundarinnar.

HÁTÍÐ

1.-3. febrúar
2024

Ljósaslóð Vetrarhátíðar



Absorbed By Light

Ljósaslóð Vetrarhátíðar



Glitsteinar

Francesco Fabris & Kateřina Blahutová





Reykjavík



VETRAR HÁTÍÐ

1.-3.
febrúar
2024

Hátíðin var vel sótt og fékk mikla og góða umfjöllun í fjölmiðlum.

Yfir 20 ljóslistaverk af fjölbreyttum toga prýddu miðborgina, allt frá einföldum myndbandsvörpunum í verslunarglugga upp í stór “laser”verk og ljósaskúlptúra í raunstærð.


Reykjavík

LJÓSLÓÐ VETRAR HÁTÍÐAR

1.-3. febrúar 2024

Kveikt er á verkum kl. 18:30-22:30
alla daga hátíðarinnar.

Verið hjartanlega velkomin!



1. Martin Ersted / Báll & Brand (DK)
- The Ice is Melting at the Poles
2. Hekla Dögg Jónsdóttir (IS) - Gegnum / Through
3. Abby Portner (US) - Cloud Animals
4. List í Ljosi - An titils/Untitled
5. Edda Karólína (IS) - Kemur í Ljós
6. Gall May Lucas (UK) - Absorbed By Light
7. Björt Sigfinnsdóttir (IS)
- "Enchanted harmony, celestial delight"
8. Vikram Pradhan (IN/IS) - Visible Signs That
Something Isn't Right^o
9. Creature Post (NZ) - Views of Eden
10. Nemendur Listaháskóla Íslands (IS) - ATH! / ATTENTION!
11. Nemendur Listaháskóla Íslands (IS) - ATH! / ATTENTION!
12. Örn Ingólfsson (IS) - Fangaðir/ Captured
13. Mazen Maarouf (PS) - Downtown
14. Garðar Bachmann Þórðarson (IS) - Still as light
15. Owen Hindley (UK/IS) & Þorsteinn Eyfjörð (IS)
- Hafnar.haus Hringekja
16. John Grzinich (EE/US)
- Powerless Flight: Wind, Wood, String, Resonators
17. Francesco Fabris (IT/IS) & Kateřina Blahutová (CZ/IS)
- Glitsteinar
18. Austurbæjarskóli 5.-10. bekkur (IS) - Myndlist,
hönnun og smíði
19. Steinn Eldflaug, Svala Louise & Elísa Einarsdóttir (IS)
- Tölva Völva
20. Valdimar Tr. Hafstein & Katrín Snorradóttir (IS) - Sund
21. Harpa Tónlistarhús – Ólafur Elíasson (IS/DK)
- Ljóslistaverk Ólafs Elíassonar á Hörpuhjúp

vetrarhatid.is
#vetrarhatid





Nýjungar á Vetrarhátíð 2024

- Samstarfssamningur við Veitur
- Sundlauganótt færð til fimmtudags
- Aukið samstarf við grasrót, Listaháskólann og Myndlistaskóla Reykjavíkur
- Þátttökuverk flutt inn frá Amsterdam Light Festival
- Vilji til að fá fleiri fyrirtæki til að styðja hátíð





BARNA
MENNINGAR
HÁTÍÐ

Í REYKJAVÍK
23. - 28. APRÍL 2024



Reykjavík



Sérstök áhersla á
að öll börn hafi
aðgengi að
menningu og
listum – menning
fyrir börn, menning
með börnum og
menning barna.





Áherslur Barnamenningarhátíðar

- Aðgengi allra
- Endurspegla margbreytileika
- Öll hverfi borgarinnar
- Allar listgreinar
- Metnaðarfull list fyrir börn
- Samstarf listamanna/listastofnana og þeirra sem starfa með börnum fyrir börn - t.d. samstarf um gerð lags Barnamenningarhátíðar (lýðræðisþátttökuverkefni)
- Virkni barna
- Unglingamenning



BIG BANG festival



- Tónlistarhátíð fyrir unga áheyrendur
- Haldin í Hörpu á Sumardaginn fyrsta, 25. apríl
- Markmið hátíðarinnar er að auka aðgengi barna að tónlist þar sem lögð er sérstök áhersla að leita óhefðbundinna leiða til að gera börnum kleift að sækja tónleika og gera að eftirminnilegri reynslu.
- BIG BANG eru evrópsk samstarfsverkefni sem fer fram í 16 borgum í Evrópu



Þjóðhátíðardagurinn 17. júní

Samstarf við forsætisráðuneytið

80 ára afmæli Lýðveldisins

Boðið upp á 80 metra langa köku

Kórar landsins verða virkjaðir við hátíðarhöldin

Hátíðarhöld og skrúðganga í miðborginni

Unnið í því að ýta undir sjálfsprottin

hátíðarhöld í hverfum borgarinnar í samstarfi

við hverfisráð



Reykjavík

Menningarnótt 2024





Markmið Menningarnætur

að kynna fjölbreytt menningarframboð borgarinnar

að virkja stofnanir borgarinnar, fyrirtæki og íbúa

að stuðla að fjölbreytni, frumleika og ýta undir hið óvænta

að höfða til sem flestra markhópa

að tryggja aðgengi allra að menningu s.s. með niðurfellingu
aðgangseyris



Menningarnótt 2024

Verður haldin laugardaginn 24. ágúst

Stærsta hátíð landsins

Með um eða yfir 100 þúsund
þátttakendum

350 Viðburðir

Skráðir viðburðir í viðburðadagatal
Reykjavíkurborgar.

Samstarfssamningar í skoðun.



Reykjavík

Lifandi borg allt árið





Sumarborgin

Spennandi dagskrá í allt sumar





Tendrun Friðarsúlu Yoko Ono





Jólaborgin

 Reykjavík







Hlökkum til spennandi hátíðaárs í Reykjavík!

